

## **Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn fimmtudaginn 3. febrúar 2022**

**kl. 15:00 í netheimum í gegnum TEAMS.**

Mætt voru: Sigyn Blöndal Kristinsdóttir,  
Sylvía B. Gústafsdóttir,  
Stefán Hilmarsson, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins  
Diljá Ámundadóttir Zoëga,  
Örn Þórðarson, fulltrúar Reykjavíkurborgar  
Guðrún Erla Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi starfsmanna  
Guðríður Inga Ingólfssdóttir, fulltrúi foreldraráðs  
Hekla Dís Kristinsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda  
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari  
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund.

### **1. Skólastarfið í upphafi árs í ljósi Covid-faraldursins**

Skólameistari fór yfir starfið það sem af er önn. Allt gengið vel, nokkrir nemendur og starfsmenna verið í einangrun eða sóttkví um skamma stund en ekki þurft að fella niður skólahald.

Spurt um brotthvarf – sem hefur ekkert aukist. Teljum okkur veita nemendum góðan stuðning með námsráðgjöf og sálfræðipjónustu. Lítil umræða um bólusetningu meðal nemenda og umræður frjálsslegar milli fólks í skólanum. Þýskuáfangi í kennslu á önninni sem inniheldur ferð til Berlínar í lok mars og þar hefur þurft að afla upplýsinga um stöðu bólusetninga nemenda.

Félagslíf nemenda ekki verið mikið áberandi það sem af er önninni. Þó er Rymja, söngkeppni skólans fyrirhuguð í febrúar en lítur ekki vel út með árs hátíð nemenda þetta árið.

### **2. Fjárhagsstaða með hliðsjón af uppgjöri 2021**

Afgangur er af rekstri ársins 2021 sem er ánægjuleg tilbreyting. Má þakka það auknum framlögum sem samþykkt voru á aukafjárlögum í árslok 2021. Vonir bundnar við að tekist hafi að ná eyrum fjárveitingavalds um aukna þörf á rekstrarfé til skólans. Gæta verður áfram ítrasta aðhalds í rekstri á árinu 2022 og ekki gert ráð fyrir teljandi breytingum í rekstri.

Greint frá undirritun stofnanasamnings skólans við KÍ en allir kennarar skólans og hluti stjórnenda þiggja laun samkvæmt þeim samningi.

### **3. Framkvæmdir í nýjum farvegi**

Framkvæmdasýsla ríkisins og Ríkiseignir hafa verið sameinaðar í eina stofnun. Uppstokkun í gangi og skólinn kominn með nýjan tengilið sem sér um eftirlit, skipulag og forgangsröðun viðhalds á húsum skólans. Vonir standa til að betra fyrirkomulag verði á framkvæmdum á næstunni og að viðhaldsframkvæmdir geti unnist utan hefðbundins skólastarfs. Mikið óhagræði og ónæði hefur verið allt þetta skólaár vegna viðhaldsframkvæmda við Miðbæjarskólann sem dregist hafa úr hófi fram.

### **4. Framtíðarsýn**

Ósk okkar allra að skólastarfið fari að verða með eðlilegum hætti á komandi mánuðum og félagslíf nemenda lifni við. Allir vona það besta í kjölfar afléttinga á sóttvarnaaðgerðum.

### **5. Önnur mál**

Gettu betur lið skólans komið í 8 liða úrslit, keppir við MH 25. febrúar n.k.

Stefnt að því að halda næsta skólanefndarfund í raunheimum í apríl/maí.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.